

Nd.

610. Frumvarp til laga

[243. mál]

um breyting á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús, og l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. l. nr. 56/1927 bætist:

4. flokkur.

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. flokks, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt og kr. 2.00 í menningarsjóð, sbr. 4. gr. l. nr. 57/1957, fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu eftir kl. 6 að kvöldi. 10% álag á skemmtanaskatt samkv. 3. gr. laga nr. 57/1957 er innfalið í 8 kr. gjaldinu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

3. gr. l. nr. 56/1927 orðist þannig:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

- a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
- b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
- c. Fræðandi fyrirlestrar.
- d. Sýningar á íslenskum kvikmyndum og kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.
- e. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.
- f. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
- g. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 2. flokki.

Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, Tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatríða, enda sé vín ekki um hönd haft á þessum skemmtunum, og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963.

Ráðherra skal heimilt að endurgreiða eða fella niður skemmtanaskatt af leiksýningum frá 1. jan. 1963 að telja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Helztu breytingar frá gildandi lagaákvæðum, sem frv. þetta felur í sér, eru þessar:

1) Klassískir tónleikar hvers konar, þ. á m. söngskemmtanir, skulu undanþegnar skemmtanaskatti. Hljómleikar danshljómsveita og jazz- og dægurlagasöngvara myndu ekki njóta góðs af undanþáguákvæði þessu.

2) Leiksýningar skulu undanþegnar skemmtanaskatti. Undanþágan nær ekki til revíu- og kabarettisýninga eða annarra sýninga af svipuðu tagi.

3) Sýningar á íslenskum kvikmyndum skulu undanþegnar skemmtanaskatti.

4) Dansskemmtanir félaga og annarra aðila skulu undanþegnar skemmtanaskatti, ef vín er ekki haft þar um hönd, en samkvæmt núgildandi lögum hefur orðið að greiða skemmtanaskatt af hvers konar skemmtunum, ef einhver dans hefur þar farið fram. Ekki þykir þó ástæða til að láta undanþáguna ná til stærstu dansskemmtihúsa, sem halda dansleiki að staðaldri í eigin nafni.

5) Þá er lagður sérstakur skemmtanaskattur á gesti vínveitingahúsa, en enginn skemmtanaskattur er nú heimtur af þeim, sem sækja vínveitingahús, ef ekki er seldur aðgangur. Skattheimtan mun verða með svonefndu „rúllumiða“-fyrirkomulagi, og tíðkast það mjög t. d. á Norðurlöndum og í Þýskalandi, en þar er algengt að selja aðgang að vínveitingastöðum, þar sem nokkur skemmtiatriði fara fram. Skattur þessi skal aðeins nema 10 kr. fyrir hvern gest og greiðast eingöngu að kveldlagi, en til samanburðar má geta þess, að fatageymslugjald slíkra veitingahúsa er nú almennt 10 kr. fyrir hvern mann að kveldlagi. Af þessum 10 kr. skulu 2 kr. renna til menningarsjóðs, en það er sama upphæð og greidd er til menningarsjóðs af aðgöngumiðum að skemmtanaskattskyldum dansleikjum. Gert er auk þess ráð fyrir, að 5 kr. gjald renni til veitingahúsanna.

Menntamálaráðherra skal setja nánari reglur um ýmis framkvæmdatriði í sambandi við framangreind nýmæli, enda byggjast þau almennt á heimildarákvæðum.

Ljóst er, að mikill hagur er að því fyrir leiklistar- og tónlistarstarfsemi í landinu, ef eigi þarf lengur að greiða skemmtanaskatt af leiksýningum og tónleikum. Ætti skattfrelsi þetta að verða til eflingar og örvunar leiklist og tónlist, enda hefur oft verið bent á, að skattheimta þessi stæði leiklistar- og tónlistarstarfsemi fyrir þrifum á ýmsan hátt. Þá er og full ástæða til að ætla, að hinn ungi íslenski kvikmyndaiðnaður muni taka skjótari þroska, ef skemmtanaskatti verður létt af sýningum á íslenskum kvikmyndum.

Alkunnugt er, hve ýmsum virðingarverðum áhugamannafélögum hefur gengið erfiðlega að afla tekna til starfsemi sinnar, þrátt fyrir mikið og fórnfúst starf til tekjuöflunar. Á þetta ekki hvað sízt við um íþrótt- og æskulýðsfélög, menningar- og líknarfélög. Þessi félög hljóta mjög að fagna því, ef þau þurfa ekki lengur að greiða skemmtanaskatt.

Mikið hefur að undanförunni verið rætt um þörf á vínlausum skemmtistöðum fyrir æskufólk, og innheimta skemmtanaskatts verið talin standa í vegi fyrir, að slíkar skemmtanir væri hægt að halda á ódýran hátt. Frv. gerir ráð fyrir, að þess konar æskulýðsskemmtanir verði framvegis undanþegnar skemmtanaskatti, og ætti þá ekki að vera hætt á, að slíkar skemmtanir leggist niður í bráð, heldur að þeim fari fjölgandi.

Skemmtanaskattur ríkisins rennur að helmingi til Þjóðleikhúss og að helmingi til félagsheimilassjóðs, auk 10% álags til Símfóníuhljómsveitar Íslands.

Á árinu 1962 nam innheimtur skemmtanaskattur um 9 millj. kr. á öllu landinu,

þar af um 7 millj. kr. í Reykjavík. Skattur af kvikmyndasýningum nam ríflega helmingi skemmtanaskattsins (í Reykjavík um 4.4 millj. af 7 millj. og annars staðar á landinu um 1.2 millj. af 2 millj.). Rétt er að geta þess, að umræddur skemmtanaskattur er aðeins innheimtur í kaupstöðum, sem hafa 1500 eða fleiri íbúa. Í minni kaupstöðum og sveitarfélögum er víðast hvar innheimtur sérstakur skemmtanaskattur, er rennur ekki til félagsheimilásjóðs, Þjóðleikhúss eða sinfóníuhljómsveitar, heldur til menningarmála í þessum kaupstöðum og sveitum.

Ljóst er af þessu, að framangreindar undanþágur munu hafa í för með sér nokkra lækkun skemmtanaskatts, en þeir aðilar, sem skatturinn rennur til, eru allir mjög fjárþurfi, ekki sízt félagsheimilásjóður, sökum mikilla byggingaframkvæmda um land allt, sem hann styrkir.

Til þess að skemmtanaskatturinn lækki ekki, heldur aukist, þannig að þeir aðilar, sem hans njóta, fái auknar tekjur, hefur sá kostur verið tekinn að leggja nokkurn skatt á þá, sem sækja vínveitingahús, eins og greint hefur verið hér að framan. Hlýtur framangreint 10 kr. gjald að teljast hóflegt. Erfitt er að áætla nákvæmlega, hvað hinar nýju undanþágur muni lækka skattinn mikið eða hvað hinn nýi skattur muni gefa í aðra hönd. En mjög lausleg áætlun bendir til, að skattur þessi mun skila 4—5 millj. kr., og ætti hann þá ekki einungis að vega upp á móti nýju undanþágunum, heldur auka heildartekjur af skattinum. Menningarsjóðsgjald nemur nú 1 kr. á hvern aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. á hvern aðgöngumiða að dansleikjum. Gjaldið nam í Reykjavík á árinu 1961 alls um 1.5 millj. kr. Þar af greiddu kvikmyndahúsagestir um 1.2 millj. kr. Þótt undanþágur þessa frv. hafi í för með sér lítils háttar tekjumissi fyrir menningarsjóð, mun hluti vínveitingahúsagjaldsins væntanlega gera drjúgum betur en bæta þennan missi.

Stofnlögin um skemmtanaskatt eru frá árinu 1927, en nokkur breyting var gerð á þeim á árinu 1957. Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, stefnir að því að sníða helztu og óvinsælustu vankantana af skemmtanaskattslöggjöfinni, en auka um leið tekjur af skemmtanaskattinum, þar eð þeir aðilar, sem hans njóta, og þá sérstaklega félagsheimilásjóður, þurfa mjög á auknu fé að halda. Frumvarpið ætti jafnframt að verða til verulegra hagsbóta fyrir leik- og tónlistarstarfsemi í landinu, íslenskan kvikmyndaiðnað og frjálsa félags- og æskulýðsstarfsemi.